



Fundargerð fundar framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands 22. janúar 2018

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 22. janúar 2018 í Hlutverkasetri.
Fundur hófst klukkan 19:10.

Mætt voru Hákon Sveinsson, Katrín Baldursdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursdóttir og Viðar Þorsteinsson.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Óafgreiddar fundargerðir.

Ekki voru fyrirbyggjandi fundargerðir til afgreiðslu.

2 · Stjórnarmenn kynna sig

Meðlimir nýkjörinnar stjórnar kynntu sig stuttlega hver fyrir öðrum.

3 · Sósíalistapiing - lærdómur og verkefni

Farið var yfir nýliðið Sósíalistapiing, sem var frestað til 1. maí næstkomandi.

Almenn ánægja var með framkvæmd þingsins og undirbúning sem gekk vel á stuttum tíma. Rætt var um að næst mætti hafa tímamörk á lengd innleggja. Góður andi hafi verið á þinginu. Yngri félagsmenn hafi látið sjá sig eftir hádegisd.

Viðars bíður það verkefni að fullklára fundargerð af Sósíalistapingi.

4 · Stjórn skiptir með sér verkum

Stungið var upp á Gunnari Smára Egilssyni sem formann og Viðari sem ritara, og fundargestum falið kanna hug stjórnarmanna sem ekki voru á fundinum til þess að taka að sér embætti varaformanns og gjaldkera. Verkaskipting var ekki samþykkt að sinni heldur bíður næsta fundar.

5 · Verkefni framkvæmdastjórnar

a. Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar

Rætt var um stöðu mála innan verkalýðshreyfingarinnar, meðal annars væntanlegt stjórnarkjör í Eflingu. Rætt var um mikilvægi þess að halda á lofti stéttabaráttu og sjónarmiðum jöfnuðar í verkalýðsbaráttunni, og minnt á það sem oft hefur verið rætt á vettvangi flokksins, að um 40% meðlima Eflingar eru aðflutt verkafólk sem hingað til hefur ekki átt sér málsvara innan félagsins.

b. Sveitarstjórnarkosningar

Í anda þess sem rætt var á Sósíalistapingi var reifað hvernig efna mætti til áframhaldandi umræðu meðal flokksmanna um hugsanlegt sveitarstjórnarframboð, t.d. með því að boða til félagsfundar. Rætt var um að tengja saman þá félagsmenn sem hafa áhuga og þekkingu á efninu og jafnvel skipa einhvers konar undirhóp. Viðar tók að sér að fylgja málinu eftir.

c. Útgáfa, fundir, áróður, kynning

Verið er að undirbúa sérstakan hóp um kynningar- og áróðursmál. Hann verði skipaður nokkrum einstaklingum úr hópi stjórnarmanna og félagsmönnum sem vilja aðstoða.

d. Áframhaldandi uppbygging flokksins, fjölgun félaga og virkra félaga, lög og skipulag

Frestað til næsta fundar.

e. Fjárhagur

Ítrekuð þörf á að skipa gjaldkera sem fyrst, og að honum verði falið að senda greiðsluseðla vegna innheimtu félagsgjalds eins fljótt og auðið er.

f. Annað

Ekki voru önnur mál til umræðu.

6 · Samviska

Nauðsynlegt er að hefja þegar í stað vinnu við skipun „Samvisku“ til samræmis við lög og skipulag flokksins. Gunnar Smári ræðir málið við Atla Frey tölvumann.

7 · Önnur mál

Reifað var að væntanlega þyrfti að málefnastrjórn að vera búin að ljúka vinnu nýrra málefnaþópa fyrir Sósíalístáþing 1. maí.

Þá var þeirri hugmynd varpað fram að búa til óformlegan hóp formanna og ritara úr hverri strjórn sem stilli saman strengi varðandi vinnubrögð og í starfi ólíkra strjórna.

Fundi var slitið um klukkan 20:00.